

Fundargerð

Fundarstaður: Þjóðveldisbærinn

Tími: 8.30

Fundinn sátu:

Fjarverandi:

Einar Bjarnason, Hrönn Konráðsdóttir, Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir, Ármann Guðmundsson varamaður og Arnar Kári Guðjónsson starfsmaður Landsvirkjunar

Rafnar Lárusson og Harpa Dís Harðardóttir

Eftirfarandi mál voru rædd:

Þjóðveldisbærinn – hvað þarf að gera

Útisvæði

- Hefla veginn og bílastæðið og laga göngustíga – Guðrún ræðir við starfsmenn í Búrfelli.
- Skoða gróður og láta laga hellulagningu – Guðrún athugar hvort að sumarvinnan geti tekið þetta að sér.

Þjóðveldisbærinn

- Athuga loftræstikerfi, húsið er of þurrt þarf að skoða og laga – Guðrún ræðir við starfsmenn í Búrfelli og Hrönn athugar hver reynslan er á öðrum stöðum varðandi loftræstingu.
- Hliðarveggur á salernum og gaflinn, stefnt á að laga það næsta vor.
- Laga vökvakerfi á þaki fá sumarvinnu til að kíkja á það.
- Skoða vefstæði er hægt að laga?
- Senda stjórn kostnaðaráætlun og fá endurgjöf.

Kirkjan

- Pússa fótspor í loftinu – Guðrún ræðir við sumarstarfsmenn
- Finna líkneski hvað passar við tímann – Ármann og Hrönn finna líkneski sem á við senda Guðrúnu mynd og helstu upplýsingar um stærð. og Guðrún fær Benedikt til að skera út.



2. Hugmyndir fyrir bættu starfsemi

- Hrönn ræðir við Steinunni og fær upplýsingar um hvar er hægt að kaupa veggjakola.
- Láta sauma barnabúning og starfsmannaföt fyrir karlmenn – Guðrún græjar
- Kaupa allskonar spil – Guðrún fær álit frá Ármanni og Hrönn áður en hún pantar
- Skoða hvaða vörur Rimmugígur er að selja - Guðrún
- Vantar öxi, spjót og uppfæra sverð - Guðrún
- Geri fleiri hnífa fyrir starfsfólk - Guðrún
- Fleiri leikmunir sem voru notaðir í hið daglega starf – Guðrún- Arnar Kári – Hrönn og Ármann
- Hljóð – skoða hvort að það sé hægt að setja inn hljóð úr hversdagsleikanum – samtöl – vinnuhljóð – sögustund – Guðrún ræðir við J&L um mögulega framkvæmd
- Stefnumótun – Guðrún fer í að skoða næstu skref – að vinna stefnumótun fyrir Þjóðveldisbæinn – hvar ætlum við að vera eftir 5 ár eða 20 ár
- Skoða hvort hægt sé að vinna eftirlíkingar á gripum sem hafa fundist á Stöng – jafnvel hægt að nýta til að búa til minjagripi til að selja – Hrönn og Ármann
- Hugmynd að hafa sérstakan fornleifadag þar sem komið er með gripi og þeir kynntir – fornleifafræðingar sitja undir svörum – hugsanlega viðburður í sumar – Guðrún, Arnar Kári, Hrönn og Ármann ræða þetta áfram
- Búa til leiðsögn – skrifa niður leikþátt – örnámskeið fyrir starfsfólk út frá því vinna gullkorn um Ísland, Þjóðveldisbæinn og hversdagsleikann – Hrönn og Ármann
- Ath – vikursteina – var notaður til að slípa -

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13.20

Fundarritari: GÓB